

43

Fluttar kr. 3432,27

4. Eptirstöðvar við árslok 1885:

a. Ríkisskuldabryf	kr. 29190,00	
b. Skuldabryf einstakra manna	— 37119,45	
c. Ógoldnir vextir til 11. júní 1885	— 162,00	
d. Í peningum	— 359,89	— 66831,34
		Gjöld alls kr. 70264,06

Stiptyfirvöld Íslands, Reykjavík 6. marz 1886.

Magnús Stephensen *P. Pjetursson.*
settur.

44

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um bráðabirgðaruppbót handa

31. marz. fátækum brauðum. — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi dags. 29. p. m., vil jeg hjermeð fallast á, að eptirnefndum prestaköllum verði af fje því, sem ræðir um í 13. gr. A. b. 2. fjárlaganna fyrir árin 1886 og 1887 veitt bráðabirgðaruppbót sú fyrir næstkomandi fardagaár, sem hjer segir.

1. Kálfafellsstaður	fái 200 kr.
2. Sandfell	— 500 —
3. Staður í Grindavík	— 300 —
4. Staður í Aðalvík	— 600 —
5. Tjörn á Vatnsnesi	— 300 —
6. Goðdalir	— 100 —
7. Grímsey	— 200 —
8. Hvanneyri	— 300 —
9. Höfði	— 100 —
10. Þönglabakki	— 400 —
11. Lundarbrekka	— 300 —
12. Sauðlauksdalur	— 250 —
13. Skarðsþing	— 250 —
14. Meðallandsþing	— 100 —
15. Þykkvabæjarklaustur	— 100 —
	<u>4000 kr.</u>

Þetta undanfelli jeg eigi hjermeð þjónustusamlega að tjá yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, og skal jeg jafnframt geta þess, að jeg í dag hefi skrifað landfógetanum um útborgun á uppbótarfje þessu samkvæmt ráðgjafa-brjefi 11. nóvbr. 1881 (B. 161).

45

Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna yfir Íslandi um úthlutun á við-

5. apríl. bótarstyrk við eptirlaun uppgjafapresta og prestsekkna. — Með þóknanlegu brjefi, 20. jan. p. á., hafið þjer, háæruverðugi herra, beiðzt leiðbeiningar landshöfðingjans um það, eptir hvaða reglum úthluta beri þeim 3000 kr., sem veittar hafa verið í fjárlögum fyrir 1886 og 1887 13. gr. A. b. 6. sem viðbót við eptirlaun þau, er fátækir upp-